

## AUGLÝSING

### um staðfestingu safnaráðs á stofnskrá Hvalasafnsins á Húsavík.

Með vísan til 3. tl. 10. gr., sbr. c-lið 2. mgr. 7. gr. safnalaga nr. 141/2011, staðfesti safnaráð þann 18. ágúst 2020 stofnskrá Hvalasafnsins á Húsavík.

Stofnskráin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

*Reykjavík, 18. ágúst 2020.*

F.h. safnaráðs,

**Þóra Björk Ólafsdóttir** framkvæmdastjóri.

### Fylgiskjal.

#### **SAMBÝKKTIR (skipulagsskrá) fyrir Hvalasafnið á Húsavík ses.**

1. gr.

*Heiti.*

Félagið er sjálfseignarstofnun og er nafn þess Hvalasafnið á Húsavík ses.

2. gr.

*Heimilisfang.*

Heimilisfang Hvalasafnsins á Húsavík ses. er að Hafnarstétt 1, Húsavík.

3. gr.

*Tilgangur.*

Tilgangur stofnunarinnar er að annast um og reka Hvalasafnið á Húsavík. Þá er tilgangur hennar einnig að stuðla að söfnun sýningargripa, skráningu þeirra, varðveislu gamalla muna og sagna tengdum hvölum og hvalveiðum, auk þess að auðvelda aðgang þjóðarinnar að fræðslu um hvali og lífríki sjávar í kringum Ísland. Stofnunin skal vinna undir lögum um viðurkennd söfn. Þá stuðlar hún að rannsóknum á hvölum og umhverfi þeirra. Einnig rekur hún verslun með minjagripum og bækur.

4. gr.

*Stofnendur.*

Um er að ræða yfirfærslu á núverandi starfsemi Hvalamiðstöðvarinnar á Húsavík ses., kt. 460105-3740, sem fellur undir lög nr. 19/1988, yfir í nýtt rekstrarform sem fellur undir lög nr. 33/1999, um sjálfseignarstofnanir með rekstur. Upphaflegur stofnandi er því stofnandi hinnar nýju sjálfseignarstofnunar. Stofnandi sjálfseignarstofnunarinnar er því Hvalamiðstöðin á Húsavík ehf.

5. gr.

*Stofnfé.*

Stofnfé stofnunarinnar er kr. 21.049.374. Greiðsla fyrir stofnféð er þannig til komin að stofnfé Hvalamiðstöðvarinnar á Húsavík ses., kt. 460105-3740, sem starfað hefur á grundvelli laga nr. 19/1988 yfirfærast í hið nýja félag.

Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim eignum er hún kann að eignast síðar.

Engin sérréttindi í stofnuninni tilheyra stofnendum hennar.

## 6. gr.

*Tekjur og fjáröflun.*

Tekjur stofnunarinnar skulu vera: Stofnfjárframlag, framlög aðila samkvæmt samningum stofnunarinnar við þá, framlög opinberra aðila, fyrirtækja, samtaka og einstaklinga og auk þess tekjur af aðgöngumiðasölu, sölu minjagripa og bóka. Auk þess getur stofnunin haft tekjur vegna leigu á húsnæði.

Stofnunin veitir viðtöku styrkjum og öðrum fjárframlögum til starfsemi sinnar.

## 7. gr.

*Stjórn.*

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð fjórum einstaklingum auk varamanna. Stjórnin skal valin til tveggja ára og tilnefna eftirfarandi aðilar einn aðalmanng og einn varamann hver:

Menningarmiðstöð Þingeyinga.

Rannsóknarstofnanir í Þingeyjarsýslu:

Náttúrustofa Norðausturlands.

Rannsóknarsetur Háskóla Íslands.

Þekkingarnet Þingeyinga.

Norðurþing.

Húsavíkurstofa.

Láti stjórnarmaður af stjórnarstörfum tekur varamaður sem tilnefndur var af sama aðila og viðkomandi stjórnarmaður, sæti hans í stjórn frá og með næsta stjórnarfundi.

Stjórnin kys formann stjórnar, og skiptir að öðru leyti með sér verkum.

Stjórnin stýrir málefnum stofnunarinnar og skal sjá til þess að skipulag og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi. Stjórn stofnunarinnar getur veitt prókúrumboð fyrir stofnunina.

## 8. gr.

*Stjórnarfundir.*

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist stjórnarfunda. Sama rétt á framkvæmdastjóri. Á fundum stjórnar ræður meirihluti atkvæða úrslitum. Falli atkvæði á stjórnarfundum jafnt hefur atkvæði formanns tvöfalt vægi. Aðalatriði þess sem fram fer á stjórnarfundum skal færa til bókar. Fundargerð skal rituð á tölvutækt form. Á fundargerð skal rituð dagsetning, tími, hverjir voru fundarmenn og hvar fundur fór fram. Fundargerðir skal varðveita í þar til gerðri fundargerðamöppu. Á fyrsta stjórnarfundi hvers árs skal stjórn setja sér starfsáætlun fyrir árið.

Þóknun til stjórnarmanna er í samræmi við greiðslur fastanefnda í sveitarstjórn Norðurþings. Formaður stjórnar skal fá 50% álag á laun annarra stjórnarmanna.

## 9. gr.

*Framkvæmdastjóri.*

Stjórn stofnunarinnar ræður framkvæmdastjóra og ákveður starfskjör hans. Framkvæmdastjóri hefur með höndum stjórn á daglegum rekstri stofnunarinnar og kemur fram fyrir hönd hennar í öllum málum sem varða venjulegan rekstur. Hann sér um reikningshald og starfsmannamál. Framkvæmdastjóri á rétt til setu á stjórnarfundum þótt hann sé ekki stjórnarmaður. Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum allar upplýsingar um rekstur stofnunarinnar, sem þeir kunna að óska og veita ber samkvæmt lögum.

## 10. gr.

*Val endurskoðenda.*

Stjórn stofnunarinnar skal velja einn eða fleiri löggilta endurskoðendur (eða endurskoðendafélög) ásamt varamönnum til að endurskoða reikninga stofnunarinnar fyrir hvert starfsár. Endurskoðendur má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna eða starfsmanna félagsins.

## 11. gr.

*Reikningsárið.*

Starfsár og reikningsár er frá 1. janúar til 31. desember.

## 12. gr.

*Ársfundur.*

Stjórn skal halda ársfund þar sem eftirfarandi gögn eru lögð fram: Skýrsla um starfsemi Hvala-  
safnsins frá liðnu starfsári, ársreikningur fyrir undangengið fjárhagsár ásamt áætlun um starfsemi  
komandi árs.

Formaður stjórnar boðar til ársfundar með minnst sjö daga fyrirvara. Á ársfundi skal jafnframt  
tilkynnt um val á stjórnarmönnum sé stjórnarsetutímabil þeirra á enda. Ársfundur er upplýsinga-  
fundur og hefur fundurinn ekki ákvörðunarvald á starfsemi stofnunarinnar. Ársfundurinn skal hald-  
inn fyrir lok maí ár hvert.

## 13. gr.

*Hagnaður.*

Hagnaði sem verður af starfsemi stofnunarinnar skal varið til þeirra verkefna er greinir í 3. gr.  
samþykktá þessara. Þó er stjórn hennar heimilt að leggja allan hagnað ársins eða hluta hans til hliðar  
til að tryggja fjárhagsstöðu og áframhaldandi rekstur stofnunarinnar.

Hugsanlegt tap af starfsemi stofnunarinnar verður greitt úr sjóðum félagsins eða fært á næsta  
reikningsár.

## 14. gr.

*Breyting samþykktá.*

Heimilt er að breyta samþykktum stofnunarinnar og þarf til þess samþykki allra stjórnarmanna  
stofnunarinnar á stjórnarfundi.

## 15. gr.

*Slit og sameining.*

Með tillögum um slit og skipti á stofnuninni skal fara sem um breytingar á samþykktum  
þessum. Komi til þess að stofnunin verði lögð niður skal hrein eign hennar renna til hliðstæðra  
verkefna og tilgreind eru í 3. gr. eftir nánari ákvörðun stjórnar.

## 16. gr.

*Önnur ákvæði.*

Þar sem ákvæði samþykktá þessara ná ekki til um hvernig með skuli farið, skal hlíta ákvæðum  
laga um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur nr. 33/1999, svo og öðrum lagaákvæðum er  
við geta átt.